

Fagráð í hrossarækt

109. fundur

Staður og stund: Teamsfundur, fimmtudaginn 13. apríl 2023. Kl. 15.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth, Erlendur Árnason, Nanna Jónsdóttir og Elsa Albertsdóttir. Fjarverandi Guðni Halldórsson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Fjórðungsmót austurlands, sýningaráætlun.
3. Erindi vegna hækkunar á sýningargjöldum og viðbrögð stjórnar RML.
4. Staðarhaldarar sýningasvæða óska eftir hækkunum.
5. Breytingar á reglum kynbótasýninga (til upprifjunar).
6. DNA og auknar sýnatökur.
7. Stofnverndarsjóður, ferli umsókna, skilgreining á framvindu verkefna, fyrningartími samþykkra styrkja og innheimta i sjóðinn.
8. Fundarferð.
9. Breytingar á fagráði.
10. Önnur mál.

1. Fundarsetning.

Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólki velkomið og sérstaklega Nönnu Jónsdóttir nýlega kjörinn formann deildar hrossabænda sem er að sitja sinn fyrsta fund í fagráði.

2. Fjórðungsmót austurlands og sýningaráætlun kynbótahrossa.

Ekki hefur verið kláraður samningur við framkvæmdaraðila Fjórðungsmót á Austurlandi sem haldið verður dagana 6-9 júlí 2023 á Stekkhólma. Stefnt er að því að gera það sem allra fyrst. Þar verður m.a. haldin hefðbundin kynbótasýning sem er opin öllum og án lágmarka til þátttöku. Það verður því bæði dæmd bygging og hæfileikar hrossa. Mikill hugur er í heimamönnum að halda mótið.

Elsa fór yfir sýningaráætlun kynbótahrossa 2023 sem var samþykkt af Fagráði í desember á síðasta ári og kynnt í byrjun þessa árs á vef RML eins og hefðbundið er.

3. Erindi vegna hækkunar á sýningargjöldum og viðbrögð stjórnar RML.

Rætt var um fyrirhugaða hækkun á sýningargjöldum. Fagráð í hrossarækt ásamt deild hrossabænda sendi inn erindi til stjórnar RML þar sem þessari hækkun var andmælt. Að mati fagráðs getur svo mikil hækkun sýningargjalda sem sótt er um (um 27%) dregið úr mætingu hrossa til dóms. Einstaklingssýningar hrossa er hornsteinn ræktunarstarfsins í búgreininni og færri sýnd hross leiðir til enn frekara forvals en við er að fást í dag. Aukið forval dregur úr öryggi og áreiðanleika kynbótamatsins og hefur þar af leiðandi mikil áhrif á kynbótastarfið allt. Í erindinu var stjórn RML hvött til þess að fara vel ofan í alla sauma til að draga úr kostnaði við sýningahaldið. Þá var óskað eftir upplýsingum um hvernig sameiginlegu fjármagni (framlögum) væri skipt á milli búgreina í starfi RML. Upplýsingar sem verða til í gegnum sýningahaldið nýtast öllum þeim sem stunda hrossarækt. Fagráð hvatti því að leita leiða til að styrkja tekjugrunn í kringum kynbótasýningar og kynbótastarfið í heild s.s. að nota hluta gjalds við grunnskráningu folalda til fjármögnunar.

4. Staðarhaldarar sýningasvæða óska eftir hækkunum.

Rætt um kröfu um hækkun vallargjalda sem barst frá staðarhöldurum í mars sl.. Að mati fagráðs skilar þessi ósk sér of seint þannig að hægt sé hækka enn frekar sýningargjaldið en nú þegar hefur verið leitað til ráðuneytisins um. Það er þó vissulega skilningur fyrir því að vallargjaldið þurfi að hækka og fylgja verðlagsþróun líkt og aðrir hlutar sem sýningargjaldið stendur fyrir.

5. Breytingar á reglum kynbótasýninga (til upprifjunar).

Farið var yfir til upprifjunar breytingar á reglum um kynbótasýningar sem í hnotskurn eru að nú munu sömu reglur gilda um tengsl einkunna milli hægs tölts og tölts fyrir 4 og 5 vetra hross. Listi yfir búnað sem má nota á kynbótasýningum hefur verið tekinn í notkun og listi yfir bannaðan búnað tekinn út.

6. DNA og auknar sýnatökur.

Farið var yfir nýtt verklagi varðandi DNA-sýnatökur hrossa frá og með mars 2023, í samstarfi við greiningaraðilann Matís, sem felur í sér að allir aðilar sem hafa réttindi til örmerkinga hrossa á Íslandi geta nú stofnað til viðskipta og skilað DNA-sýnum inn til greiningar og úrvinnslu. Niðurstöður sýna eru vistaðar í upprunaættbók íslenska hestsins, WorldFeng. Fram til þessa hefur sýnataka úr hrossum, til úrvinnslu Matís, einvörðungu verið á hendi dýralækna, starfsfólks RML og Búnaðarsambanda en með stærri hópi sýnatökufólks standa vonir til að fjölga megi sýnatökum til muna og þar með fjölga DNA-greindum hrossum. Um er að ræða stroksýni úr nösnum hrossa (eða hársýni) en blóðsýnatökur eru eingöngu á hendi dýralækna. Starfandi og virkir örmerkingamenn ættu flestir að hafa allt sem til þarf, þekkingu á skráningarferli í WF, aðgengi að örmerkjaskanna og möguleikann á að örmerkja hross samhliða sýnatöku en það er ófrávíkjanleg krafa að sýni eru eingöngu tekin úr þegar örmerktum gripum. Með fjölgun DNA greininga verður til mun breiðari grundvöllur að erfðamengisúrval verði mögulegt í nánustu framtíð auk þess sem staðfesting á ætterni stuðlar að öruggari útreikningum á kynbótamati. Þá liggur fyrir til kosninga ný regla á næsta FEIF þingi í febrúar 2024 sem fjallar um að öll hross fædd 2024 og síðar sem koma fram á opinberum vettvangi s.s. alþjóðlegar kynbótasýningar eða keppni, þar sem niðurstöður verða nýttar til útreikning kynbótamats, þurfa að hafa staðfest ætterni.

7. Stofnverndarsjóður, ferli umsókna, skilgreining á framvindu verkefna, fyrningartími samþykkra styrkja og innheimta í sjóðinn.

Fagráð telur að skýra þurfi betur ferli umsókna m.a. með því að útbúa staðlað umsóknareyðublað fyrir Stofnverndarsjóð íslenska hestsins svo það verði skýrara fyrir umsækjendur hvernig skuli standa að umsóknum í sjóðinn. Þessu verður beint til Bændasamtaka Íslands. Þá þarf að skilgreina framhaldsferli umsókna s.s. hver skuli vera fyrningartími samþykktra styrkja sé framvinda verkefna ekki innan tímaramma skilgreindra verkefna.

Þá fór formaður yfir hvernig innheimta gjalds í Stofnverndarsjóðinn hefur gengið fyrir sig síðan innheimtan var flutt frá BÍ til ríkissins. Alveg ljóst að innheimtan eins og hún er framkvæmd núna skilar sér ekki sem skildi og því er mikilvægt að breyting verði gerð svo að lögbundin gjöld skili sér með réttum hætti frá þeim aðilum sem ber að greiða þau. Það er mat formanns að besta leiðin til þess sé að færa innheimtuna til fyrra horfs þ.e.a.s innheimta gjaldið hjá þeim sem sér um útgáfu hestavegabréfsins (RML) þegar hross eru að fara úr landi. Þessu þurfa forsvarsmenn BÍ að beita sér fyrir enda um mikið hagsmunamál að ræða fyrir allt þróunarstarf í kringum íslenska hestinn. Stofnverndarsjóður hefur styrkt með reglubundnum hætti rannsóknar og þróunarverkefni um margra ára skeið og tryggja þarf að svo verða áfram.

8. Fundarferð.

Stefnt er að því að fara í fundarferð og fara yfir málefni hrossaræktarinnar innan BÍ og atriði varðandi komandi sýningarár. Beðið er eftir fjárheimild frá BÍ. Það er afar mikilvægt að hitta ræktendur bæði á vorin og á haustin, fara yfir áhersluatriði áður en sýningar hefjast og svo að þeim loknum yfir niðurstöður ársins, bæði til að kynna málefni sem eru uppi hverju sinni og að heyra hvað brennur á ræktendum.

9. Breytingar á fagráði.

Farið var yfir helstu breytingar á fagráði en hrossaræktardeildin sendir inn tillögur til BÍ um árlega skipun í fagráð sem sent er til ráðuneytisins til samþykktar. Nokkrar breytingar verða á hverjir munu sitja í fagráði á komandi mánuðum.

10. Önnur mál.

Rætt var um að endurskoða þyrfti reglur heilbrigðisskoðun stóðhesta og efla þær. Þar á meðal var minnst að skima fyrir fleiri sjúkdómum sem geta verið erfanlegir. Til að byrja með væri hægt að gera átak í söfnun upplýsinga sem væri hægt að vinna úr og rannsaka hver sé tíðni í stofninum. Fyrir utan söfnun upplýsingar á kynbótasýningum væri hægt að athuga með orsök afsetninga hrossa t.d. í sláturhúsum og gögn sem safnað er hjá dýralæknum. Við fyrstu úrvinnslu væri mikilvægt að gögn væru ekki rekjanleg svo söfnun þeirra væri sem víðtækust.

Í lok fundar þakkaði formaður samstarfsfólki sínu í fagráði fyrir ánægjulegt og faglegt samstaf en hann var að sitja sinn síðasta fund eftir rúmlega 10. ára veru sem formaður fagráðs.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 17:40

Við pennann: Elsa Albertsdóttir